

# Orsök og ferli skyndilegra sjávarstöðubreytinga á Suðvesturlandi á síðjökultíma

Hreggviður Norðdahl\*, Ólafur Ingólfsson\* og Halldór G. Pétursson<sup>+</sup>,

\*Jarðvísindastofnun Háskólans, <sup>+</sup>Náttúrufræðistofnun Íslands.


[hreggi@raunvis.hi.is](mailto:hreggi@raunvis.hi.is)

Lýst er sennilegum ástæðum fyrir myndun mjög hárra fjörumarka á Suðvesturlandi snemma á síðjökultíma, þegar jaðar íslenska meginjökulsins hörfaði af landgrunninu og inn yfir strendur landsins. Í kjölfar þessarar miklu bráðunar stækkuðu jöklar landsins á kólnunartíma og náðu út undir strendur landsins. Samfara stærðarbreytingum á jöklum landsins breyttist afstaða láðs og lagar þannig að afstætt sjávarborð ýmist gekk á land eða land reis úr sjó á sama tíma og yfirborð heimshafanna var að rísa, en mishratt þó.

Jökulhörfun í upphafi Böllingskeiðs var gríðarlega hröð og má leiða rök að því, að íslenski jökulskjöldurinn hafi hreinlega hrunið, a.m.k. til jarðranna. Þessi hraða leysing jökulsins leiddi til myndunar mjög hárra fjörumarka á fyrri hluta Böllingskeiðs. Sökum eiginleika jarðskorpunnar á Íslandi og lágrar seigju í deighveli möttuls var svörun við breytingum á jökulfargi tafarlaus og mjög hröð. Þannig reis land með miklum hraða er jökla leysti og afstætt sjávarborð féll hratt.

Aukið farg, vegna stækkunar og framrásar jökla í kjölfar loftlagskólnunar í lok Allerödskeiðs og á yngra Dryasskeiði, bældi landið og olli áflæði sjávar. Við hámark jöklunar á yngra Dryasskeiði var stór hluti landsins hulinn jökli, sem náði víða út til stranda þess. Eftir nokkra hörfun í lok yngra Dryas- og upphafi Preborealskeiðs gengu jöklar fram á nýjan leik og náði meginjökull landsins svipaðri útbreiðslu og hann hafði náð á yngra Dryasskeiði.

Eftir að þessu framrásarskeiði lauk hörfaði meginjökullinn mjög hratt samfara hröðu landrasi og afflæði sjávar. Afstætt sjávarborð féll niður fyrir núverandi sjávarmál fyrir um 9.400 <sup>14</sup>C árum BP og varð lægst fyrir um 9.000 <sup>14</sup>C árum BP þegar það var tugum metra undir núverandi sjávarmáli.



Samantekt á niðurstöðum um stærð íslenska meginjökulsins á síðari hluta síðasta jökulskeiðs (Weichselian) og afstæðar sjávarborðsbreytingar á síðjökultíma og í upphafi nútíma á Suðvesturlandi.